



## Fundargerð háskólaráðs 257. fundur þann 31. ágúst 2007

Guðmundur Heiðar Frímannsson staðgengill rektors setti fund kl. 14:00. Þorsteinn Gunnarsson rektor kom á fundinn kl. 14:30 og tók við fundarstjórn.

Mættir voru auk þeirra:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra  
Finnur Friðriksson fulltrúi kennara  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Birgir Guðmundsson aðjúnt og brautarstjóri í fjölmiðlafræði  
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs  
Hermann Óskarsson deildarforseti heilbrigðisdeildar  
Ingveldur Tryggvadóttir skjalavörður  
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs  
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri

---

### 1. Fundargerð 256. fundar

Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.

### 2. Skipun háskólaráðs – kosning varaforseta og ritara

Kosið var í embætti til eins árs. Sólveig Ása var kjörin varaforseti háskólaráðs og Finnur ritari í forföllum Þórodds Bjarnasonar.

### 3. Rekstraryfirlit janúar – júlí 2007

Ólafur gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – júlí 2007. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 640,95 m.kr. (59,71% af áætlun ársins) þar af 370,61 m.kr. vegna kennsludeilda.

### 4. Endurskoðun rekstraráætlunar 2007

Ólafur sagði að ekki lægi enn fyrir niðurstaða í kjölfar funda forsvarsmanna háskólans með ráðherrum menntamála og sjávarútvegs og framkvæmdastjóra LÍÚ varðandi stöðu náms í sjávarútvegsfræðum við háskólann. Að öllu óbreyttu er fyrirsjáanlegur halli á rekstri skólans í árslok um 30,0 m.kr.

### 5. Undirbúningur rekstraráætlunar 2008

Um þessar mundir fer fram vinna í deildum um aðgerðaáætlun m.t.t. stefnu deilda og stefnu háskólans sem samþykkt var í febrúar sl. Framkvæmdastjórn mun síðan fá tillögur frá deildum til úrvinnslu og gera drög að rekstraráætlun sem verða send háskólaráði í október.

### 6. Kennslu- og rannsóknasamningur við menntamálaráðuneyti

Rektor var falið að hafa forystu í gerð kennslu- og rannsóknasamnings við menntamálaráðuneyti.

### 7. Auglýsing um stöður deildarforseta

Málið rætt en ákvörðun frestað til næsta fundar.

**8. Innritun nemenda**

Laufey Petrea og Birgir Guðmundsson komu inn á fund. Laufey gerði grein fyrir innritun nýnema. Samtals bárust 655 umsóknir; þar af var 77 hafnað, 54 hafa hætt við nám og skiptinemar eru 20. Enn eru 4 umsóknir í skoðun.

Birgir gerði grein fyrir umsókn í fjölmiðlafræði. Umsækjandi hefur lokið einu ári í Verslunarskólanum og einu ári í Lýðháskóla í Danmörku en hefur mikla starfsreynslu. Umsókninni var hafnað; þrír voru á móti því að umsókn yrði samþykkt, einn með og einn sat hjá.

Laufey Petrea lagði fram umsókn í viðskiptafræði. Umsókn barst eftir að umsóknarfrestur rann út en uppfyllir inntökuskilyrði að öðru leyti. Sótt er um á grundvelli ákvæðis um endurmenntun. Umsóknin var samþykkt.

**9. Umsókn um viðurkenningu á fræðasviðum háskólans**

Laufey Petrea og Sigrún gerðu grein fyrir vinnu við umsóknir um viðurkenningar á fræðasviðum háskólans. Þann 3. september nk. verða umsóknir sendar til menntamálaráðuneytis um viðurkenningar á fræðasviðum auðlindavísinda, félagsvísinda og heilbrigðisvísinda. Niðurstöður munu liggja fyrir um áramót.

Rektor þakkaði fyrir afar vel unnin störf.

**10. Byggingaframskipanir**

Tvö tilboð bárust í viðbyggingu við húsnæði háskólans á Sólborg. Bæði tilboðin voru töluvert yfir kostnaðaráætlun og hefur verið ákveðið að bjóða verkið út aftur og lengja verktímann. Við þetta mun afhendingu seinka um eitt ár og eru verklok áætluð vorið 2010.

**11. 20 ára afmæli háskólans**

Jóna Jónsdóttir og Hermann Óskarsson formaður afmælisnefndar komu inn á fund og fóru yfir dagskrá vegna 20 ára afmælis háskólans þann 5. september nk. Fjölbreytt dagskrá er og hefur verið skipulögð allt árið vegna þessa en formleg afmælishátíð verður haldin þann 8. september.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 26. febrúar sl. að fara af stað með vinnu við að skipta um merki fyrir háskólann. Valdir voru þrír teiknarar til að gera tillögu að nýju merki. Sérstök dómnefnd var skipuð til að velja eina tillögu sem lögð yrði fyrir háskólaráð. Jóna kynnti niðurstöðu dómnefndar sem mælti með tillögu frá Atla Hilmarsyni. Háskólaráð samþykkti tillöguna með fyrirvara um leturgerð eins og fram kemur í dómnefndaráliti.

**12. Orkuháskóli – RES**

Frestað.

**13. Stefna í skjalamálum**

Ingveldur Tryggvadóttir kynnti drög að stefnu háskólans í skjalamálum. Stefnan var samþykkt.

**14. Skipun fulltrúa háskólaráðs í rannsóknaleyfanefnd**

Guðmundur Heiðar yfirgaf fund meðan á þessum dagskrárlið stóð.

Samþykkt var að skipa Elísabetu Hjörleifsdóttur lektor sem fulltrúa háskólaráðs í rannsóknaleyfanefnd í stað Sólveigar Ásu Árnadóttur sem hefur óskað eftir að láta af störfum í nefndinni. Elísabet verður jafnframt formaður nefndarinnar.

**15. Skipun nefndar um gerð siðareglna**

Tillaga rektors um að skipuð yrði nefnd til að semja siðareglur fyrir háskólann var samþykkt. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar fræðasviða skólans, félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og auðlindavísinda, fulltrúi nemenda og fulltrúi úr siðanefnd. Rektor skipar formann. Verkefni nefndarinnar er að semja almennar siðareglur fyrir háskólann, siðareglur fyrir nemendur, siðareglur fyrir kennara og siðareglur fyrir rannsóknir.

**16. Samningur við BioPol ehf.**

Rektor kynnti drög að samningi við Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf. Háskólaráð gaf rektor umboð til að undirrita samninginn.

**17. Fundir á haustmíssi**

Fundir á haustmíssi verða 28. september, 26. október, 30. nóvember og 21. desember. Þeir hefjast allir kl. 12:00.

**18. Önnur mál**

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:30